

Nd.

609. Tillaga

til þingsályktunar um löggildingu baðlyfs.

Flutningsmenn: Pjetur Þórðarson, Pjetur Ottesen, Jón Sigurðsson,
Hákon J. Kristófersson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að löggilda Coopers
baðduft til fjárbaðana hjér á landi og stuðla að því, að menn geti átt kost á að
fá þetta baðefni til sauðfjárbaðana næsta vetur.

G r e i n a r g e r ð.

Tillaga þessi er flutt eftir áskorun í símskeyti til fyrsta flutningsmanns, frá sýslunefnd Mýrasýslu á fundi 12. þ. m.

Það er orðin mjög almenn skoðun bænda, að flestar þær baðtegundir, sem nú eru löggiltar til fjárbaðana, sjeu ófullnægjandi til þess að útrýma kláðamaur. Aftur á móti hefur baðtegund sú, sem nefnd er í tillógunni, þótt gefast mjög vel til kláðauðrýmingar, að minsta kosti blönduð öðrum baðefnum.

Petta er ástæða fyrir áskorun sýslunefndarinnar, og eru flutningsmenn henni samdóma um þetta, og telja því nauðsyn til bera, að tillaga þessi nái fram að ganga á þessu þingi.

Nánari greinargerð í framsögu.